taldist í forsvari fyrir, ótvíræð áhrif á þróun listar hans, t.d. er þetta tímabil stundum nefnt „Katalónski fauvisminn".

Fyrstu einkasýningu sína heldur Miró 1918 og árið eftir heldur hann til Parísar í fyrsta skipti og kynnist þar landa sínum Picasso, sem keypti af honum sjálfsmynd, sem var máluð undir áhrifum frá Henri Rousseau.

Miró var, er hér var komið, undir áhrifum úr öllum áttum og í sömu mynd gátu greinst áhrif frá Picasso, t.d í samræmdum og hlutkenndum „kúbisma" og jafnframt Matisse og þá einkum varðandi skreytikenndan bakgrunn. Þessi áhrif ásamt áhrifum frá katalónskri alþýðulist, fóru smám saman að taka á sig mjög persónulega mynd og runnu saman við áhrif frá surrealisma, nævisma og fleiri stílbrigðum.

Kannski náðu þessi áhrif hæst í olíumálverkunum „Fyrirsæta með spegil" 1919, sem er í eigu listasafnsins í Dusseldorf og „Bóndabærinn" 1921–22, sem hann vann að í heila níu mánuði í Montroig, Barcelona og París. Í báðum málverkunum og einkum því síðarnefnda er lögð áhersla á hvert smáatriði og að þau séu einnig hvert fyrir sig mikilvægur hlekkur í stórri samræmdri myndheild.

Það var svo enginn annar en Ernest Hemingway, sem keypti þá mynd litlu eftir að hún var fullgerð. Hann sagði í því sambandi: „málverkið rúmar allar tilfinningar manns, þegar maður er á Spáni, og allar tilfinningar manns, þegar maður er í burtu og getur ekki gengi inn í það". Málverkið, sem er 122×147 cm að stærð var að Hemingway látnum lengi í eigu ekkju hans en er nú í Þjóðlistasafninu í Washington.

Á árunum 1923–24 þróaðist list Mirós úr blæbrigðum annarra og þegar rótfastra stílbragða til óhlutbundinnar, frjálsrar listsköpunar, sem minnir á kalligrafíu. Hann hleður myndir sínar óræðum táknum þar sem hvert tákn stendur fyrir óhlutstæðu hugtaki eða hugmynd, en er ekki tákn fyrirbærisins sjálfs.

Þetta ferli hafði fyrst komið fram í myndverkum Wassily Kandinskys (1866–1944), sem var af rússneskum uppruna og nær samtímis birtist það hjá Paul Klee (1879–1940), sem var af svissneskum uppruna, en báðir lifðu meginhluta lífs síns í München og Weimar. Verkum þeirra hafði Miró kynnst í París. En þessir menn voru af þrem þjóðernum og gerólíkir að upplagi og myndlist þeirra ber mjög sterk persónueinkenni hvers og eins.

Af þessu má ráða, að það er ekki sjálf hugmyndafræðin sem alfarið ræður ferðinni í listinni, heldur öðru fremur uppruni, upplag og umhverfi.

Í gegnum André Masson (sem Listasafn Íslands kynnti á síðustu Listahátíð), sem Miró vingaðist við komst hann í kynni við surrealistana og fagurfræði þeirra og kynni hans af Hans Arp reyndust mikilvæg. Hér fann hann samhljóm með fyrri hugmyndum sínum um „útrás ímyndunaraflsins" og „hið undursamlega".

Hann var að vísu einn þeirra, sem skrifuðu undir stefnuyfirlýsingu surrealistanna, sem André Breton formaði, og sýndi á vegum þeirra ný verk árið 1925, en var þó frekar utangátta í hugmyndafræðinni og var þar af leiðandi ekki með öllum uppátækjum þeirra.

Þess ber að geta að hann tók að sér, ásamt Max Ernst, að gera búninga og skreytingar að ballettinum Rómeo og Júlíu fyrir Serge Diaghilew. Hefur sú samvinna áreiðanlega haft áhrif á báða, sem greinilega má sjá í skúlptúrverkum þeirra.

Þetta er bakgrunnurinn að listferli listamannsins snjalla Joan Miró og nú tók við nær sex áratuga starfsferill á myndlistarvettvangi, þar sem sérhvert verk sem hann gerði bar ótvírætt kennimark skapara síns hvar sem hann bar niður.

Eins og félagar hans hinir miklu meistarar aldarinnar, sem áður hafa verið nefndir, þá einskorðaði Miró sig ekki við málverkið, því að eftir hann liggur mikill sægur grafíkverka og þá einkum steinþrykkja, þá vann hann í hvers kyns rýmisverkum eða skúlptúr, eins og menn vilja nefna það, síðustu áratugi lífs síns og hann gerði veggmyndir úr keramikflísum fyrir opinbera aðila og alþjóðastofnanir víða um heim. Þess sér m.a. ríkulega stað á heimaslóðum hans Palma de Mallorka og í Barcelona. Þá gerði hann einnig veggteppi í sígildum aðferðum en lét einnig vefa jafn óvenjulegar formanir sem regnhlíf og málmfötu. Á þessu síðasta tímaskeiði lífs síns fékk hann ótakmarkaðan áhuga á hvers kyns efnum og þá fyrst og fremst upprunalegum efnum og upprunalegu handverki. Hér var hann trúr uppruna sínum, leirkerasmiðunum og handverksmönnunum á Mallorka.

Samvinna þeirra Aimée Maegh og Mirós var mikil og giftudrjúg og það sem við sjáum að Kjarvalsstöðum er ekki nema lítill hluti þess sem hún leiddi af sér.

Þrátt fyrir að þessi verk eru gerð fyrir sérstakt umhverfi og eru rifin upp úr þeim, njóta þau sín ágætlega frístandandi og þeim er yfirleitt vel fyrir komið í rými Kjarvalsstaða. Það skal og upplýst að a.m.k. sum verkanna eru gerð í nokkrum eintökum og eru víða á söfnum.

Húsameistarinn, sem teiknaði villuna og skipulagði garðinn var enginn annar en hinn nafntogaði José Luis Sert, og seinna teiknaði hann einnig og skipulagði Mirósafnið í Barcelona.

Miró var alltaf umkringdur aðstoðarmönnum við útfærslu hugmynda sinna, sem voru oftar en ekki jafnframt vinir hans og þannig voru það tveir útlærðir keramiklistamenn, sem aðstoðuðu hann við gerð samsettu verkanna, en slík verk nefnast á fagmáli „Assemblage", sem þýðir einfaldlega „listaverk gert úr samsafni ýmiss konar hluta". Rétt er að geta þessara ágætu fag- og listamanna sem voru þeir Josep Llerens Artigas og Joan Gardy-Artigas, frá Katalóníu eins og meistarinn.

Óviðjafnanleg samsetning verkanna er þeim að þakka, en sú hlið útfærslunnar er svo fullkomin, að líkast er sem verkin hafi orðið til af sjálfu sér, jafnvel vaxið upp úr gróðurmoldinni.

Verkin hafa yfir sér mikla lífræna og ástþrungna skírskotun og láta fáa ósnortna, sem á annað borð hafa tilfinningu fyrir formrænu samræmi og frjálsu hugarflugi.

Í þessum verkum kemur vel fram viðleitni listamannsins til að gera list úr hverdagslegum hlutum og jafnframt andúð hans á „Bonne peinture" fögrum málverkum, en um leið skapar hann fagurfræði í krafti listgáfu sinnar og tilfinningar fyrir samruna ólíkra efna, forma, lita og áferðar.

Og hvað það snertir hve eðlilegar þessar myndir eru, ætti að verða mörgum til umhugsunar, því að hér er um hreina töfra að ræða. Það virðist bókstaflega alveg sama hve fáránlegum hlutum Miró lét sér detta í hug að skella saman, því allt verður að lífi og eins og það hafi sem afsprengi náttúrunnar, verið til frá ómunatíð og einungis beðið eftir að vera uppgötvað. Skoðandinn er þá sem landkönnuður í völundarhúsi dularmagna, og upp fyrir honum ljúkast dyr að furðum undirheima, sem í þessu tilviki eru einungis útrás ímyndunaraflsins, og hið undursamlega við grómögn lífs í mannheimi.

Þóra H. Helgadóttir — Minning



Fædd 25. nóvember 1920
Dáin 25. júní 1992

Tengdamóðir mín, Þóra Hansína, hefur nú lagst til hinstu hvílu eftir hetjulega baráttu við sjúkdóm sinn. Ég ætla með nokkrum línum að minnast Þóru sem var mér traustur vinur og félagi frá þeim degi sem ég tengdist fjölskyldu hennar sem væntanlegur tengdasonur og þar til dauðinn skildi okkur að. Þóra var fædd í Lambhaga í Vestmannaeyjum. Þóra minntist ætíð æskustöðvanna með hlýhug, hún leit fyrst ljós í Lambhaga en síðan lá leið hennar til Baldurs Ásgeirssonar sem var ljós á vegi hennar til hinstu stundar. Foreldrar hennar voru sæmdarhjónin Helgi Ingimundarson Backman, ættaður úr Landeyjum, og kona hans Jóna Guðrún Jónsdóttir frá Seyðisfirði. Helgi og Jóna eignuðust átta börn og eru þrjú á lífi. Um tvítugt kynntist Þóra eftirlifandi maka sínum, Baldri Ásgeirssyni, sem hafði þá numið móta- og leirkerasmíði í Þýskalandi og hefir hann stundað iðn sína fram á þennan dag. Baldur er afar vandaður og traustur maður, sem stundað hefur iðn sína af metnaði og samviskusemi gegnum tíðina, hann er listrænn og sérlega hagur. Þóra og Baldur gengu í heilagt hjónaband 1941 og hófu síðan hjúskap í rishæð hússins Smiðjustígur 7 í Reykjavík og þar eignuðust þau börn sín fjögur. Eina dóttur misstu þau aðeins sex mánaða gamla, var hún þeirra þriðja barn og hét Sigrún. Börn þeirra eru eftirlifandi, elst Edda Ásgerður, síðan Helgi Gunnar og yngst er eiginkona mín, Sigrún Jóna.

Í dag eru afkomendur tengdaforeldra minna börn þeirra þrjú, barnabörn sex og barnabarnabörn sex. Tengdamömmu var tíðrætt um árin á Smiðjustígnum, það var einhver ævintýraljómi yfir þessum fyrstu hjúskaparárum. Hún sagði mér oft hve gestkvæmt var í þessum þröngu húsakynnum og þeim fjölmörgu sem fengu næturgistingu á stofugólfinu. Það leitar svo ótal margt á hugann í dag og minnist ég vel hve þakklát hún var fyrir þá varðveislu þegar eldur kom upp í kjallara Smiðjustígs 7, og þau voru sofandi uppi í risi, en fyrir árvekni nágrannans sem alltaf var á fótum fyrir allar aldir, þá tókst að gera slökkviliðinu aðvart í tæka tíð og afstýra stórslysi en nágranninn árvakri var þjóðhetjan Albert Guðmundsson.

Þóra hafði góða frásagnarhæfileika og var afar tilfinninganæm. Hún fékk mig oft til að upplifa með sér atburði og ævintýri liðinna ára. Þessar stundir okkar eru mér ljúfar minningar og verða geymdar sem demantar í fjársjóði minninganna, minninga um tengdamóður sem var mér fyrst og fremst góður vinur og félagi. Á heimili Þóru og Baldurs áttum við ég og öll mín systkini alltaf griðastað gegnum tíðina, enda sérlega gott að koma að Hæðargarði 44. Við Sigrún Jóna vorum gefin saman í hjónaband 25. september 1969 í stofunni í Hæðargarði 44 af föður mínum, séra Róbert Jack, en milli foreldra minna og tengdaforeldra var alltaf mjög góð vinátta. Ég mun ætíð minnast Þóru með miklu þakklæti fyrir það sem hún var mér og fyrir allt sem hún var fjölskyldu minni og börnum okkar Sigrúnar.

Á erfiðum tímum í mínu einkalífi fann ég betur en nokkru sinni fyrr, hve traustur og góður vinur Þóra var. Hún var ekki að núa því um nasir manns sem hafði mistekist heldur lyfti hún upp því sem var jákvætt og uppörvaði mann og hvatti til dáða. Þóra var mjög glöð þegar frumburður okkar, Vigdís Linda, varð stúdent en hún hafði einmitt sagt allnokkru áður og þá mjög veik: „Róbert minn, hvernig sem allt fer þá skal ég lifa það að sjá hana Vigdísi mína setja upp hvíta stúdentskollinn sinn" enda mætti hún í stúdentshófið með fyrrstu gestum og samfagnaði af öllu hjarta með okkur.

Ég þakka í dag ljúfa samferð og vináttu allar okkar samverustundir á jólum og í annan tíma. Ég bið algóðan guð um að umvefja ástkæran eiginmann og börn Þóru ásamt öllum ættingjum hennar og vinum.

Róbert Jón Jack.

Aldarminning:

Þórey Steinþórsdóttir



Með þessum fátæklegu orðum langar mig að minnast ömmu minnar sem var frá Hömrum við Akureyri og hélt Þórey Steinþórsdóttir. Hún var fædd fyrir réttum 100 árum eða 6. júlí 1892 og lést hinn 7. febrúar 1981. Afa mínum, Þóri Jónssyni húsamálara, giftist hún árið 1925 og bjuggu þau lengi framan af á Gránufélagsgötunni en fluttu síðar í nýtt hús á Ránargötu 31. Bjó amma heitin þar til hinstu stundar. Ekki verður æviferill hennar rakinn hér frekar, það verða aðrir menn mér fróðari að gera.

Amma mín var vinur minn. Í æsku var ég hjá henni um lengri eða skemmri tíma á sumrin og þau sumur sem ég dvaldi ekki beinlínis hjá henni var alltaf kíkt í heimsókn, með mömmu eða mömmu og pabba. Sumarið 1978 bar síðan svolítið nýtt við. Þá var ég 17 ára gamall og aldrei þessu vant gekk mér illa að fá sumarvinnu. Þá varð úr að ég færi norður til Akureyrar til að vinna hjá byggingafyrirtæki. Var amma meira en boðin og búin til að skjóta yfir mig skjólshúsi og gefa mér að snæða. Þótti henni það sjálfsagt mál.

Þetta sumar er mér um margt sérstakt og eftirminnilegt. Sérstakt að því leyti að ég hafði aldrei dvalið svo lengi að heiman í einu og eftirminnilegt fyrir þær sakir að kynnast ömmu, nú sem ungur maður en ekki barn. Okkur samdi ákaflega vel (nema kannski þegar ég dreypti á brennivíni, hún var akki par hrifin af því). Við höfðum um mýmargt að tala og áttum auk þes sameiginlegt áhugamál þrátt fyrir 7 áratuga aldursmun. Þar á ég við fótboltann. Ömmu þótti fátt sjónvarpsefni skemmtilegra en fótboltinn og heimsmeistarakeppnin sem haldin var þetta sumar suður í Argentínu fékk okkur aldeilis eitthvað til að tala um. En fyrir utan það að skiptast á skoðunum um fótbolta og fá „ömmumat" þrisvar á dag má segja að ég hafi líka fengið annars konar næringu. Í þeirri gömlu leyndist nefnilega mikill heimspekingur. Segja má að megininntakið í heimspeki hennar hafi verið þakklæti og nægjusemi. Hún lagði mikla áherslu á það að þeir sem væru heilsuhraustir og hefðu atvinnu þyrftu ekki að kvarta. Þeir ættu að þakka góðum Guð fyrir þetta ríkidæmi sitt. Það sem væri „alla lifandi að drepa væri vanþakklæti og skortur á nægjusemi". Allir ætluðu að eignast allt og helst strax. Það sem við köllum lífsgæðakapphlaup væri ekkert kapphlaup, heldur hröð för að feigðarósi. Sá sem temur sér nægjusemi og gerir sig ánægðan með lítið verður svo auðveldlega hamingjusamur. Ekki að það þurfi að slá af kröfum, kröfurnar verða bara öðruvísi.

Hjá ömmu endurspeglaðist það að vera móðir hinnar síðustu kynslóðar sem setur fjölskylduna fremst í flokk. Þar er aftur komið að nægjuseminni. Að hafa góða heilsu og að hafa nóg að starfa, það eru aðalatriðin. Að geta séð fyrir sér og sínum í víðum skilningi þeirra orða, það er það sem gefur lífinu gildi. Þetta er það sem ber að þakka Guði. Ekki það að geta eignast stærra og fleira. Segja má að áhrifamesta túlkun hennar á þessari skoðun sinni hafi verið hennar daglega líf. Hún var nákvæmlega eins síðustu æviárin og ég hef alltaf munað hana: Lífsglöð og kvik. Alveg sama á hverju gekk, alltaf stutt í fallega brosið og „hljóðlausa" skellihláturinn.

Einhver sagði einhvern tímann að það að kunna að eldast væri hámark viskunnar og einhver erfiðasti kafli þeirrar listar að kunna að lifa. Þá list kunni hún amma mín flestum betur.

Blessuð sé og veri minningin um sómakonuna Þóreyju Steinþórsdóttur.

Þorsteinn Gunnar.

LEGSTEINAR
MOSAIK H.F.
Hamarshöfða 4 — sími 681960